

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 149/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1473 um að leiðrétta frönsku tungumálaútgáfuna af framseldri reglugerð (ESB) 2023/1768 um ítarlegar reglur um vottun og yfirlýsingu varðandi kerfi rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og kerfishluta rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 66zbh (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1768) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32024 R 1473:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1473 frá 20. febrúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1473, 24.5.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/1473, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2025 frá 13. júní 2025 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1473, 24.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1473/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Verður birt.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING